

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 111/2013

2013/EES/67/10

frá 14. júní 2013

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB frá 6. maí 2009 um að einfalda skilmála og skilyrði vegna tilflutnings varnartengdra vara innan Bandalagsins ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/80/ESB frá 22. nóvember 2010 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2009/43/EB að því er varðar skrána yfir varnartengdar vörur ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/10/ESB frá 22. mars 2012 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB að því er varðar skrána yfir varnartengdar vörur ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2011/24/ESB frá 11. janúar 2011 um vottun fyrirtækja á sviði varnartengdra vara skv. 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB um að einfalda skilmála og skilyrði vegna tilflutnings varnartengdra vara innan Bandalagsins ⁽⁴⁾.
- 5) Í tilskipun 2009/43/EB er fjallað um útflutningsleyfi fyrir varnartengdar vörur til þriðju landa. Tilskipunin er felld inn í EES-samninginn með fyrirvara um gildissvið hans að því er varðar samskipti við þriðju lönd.
- 6) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði XIX. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við á eftir lið 3p (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/376/ESB):

„3q. **32009 L 0043**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB frá 6. maí 2009 um að einfalda skilmála og skilyrði vegna tilflutnings varnartengdra vara innan Bandalagsins (Stjtið. ESB L 146, 10.6.2009, bls. 1), eins og henni var breytt með:

- **32010 L 0080**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/80/ESB frá 22. nóvember 2010 (Stjtið. ESB L 308, 24.11.2010, bls. 11),
- **32012 L 0010**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/10/ESB frá 22. mars 2012 (Stjtið. ESB L 85, 24.3.2012, bls. 3).“

Tilskipun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Ákvæði 11. gr. gilda ekki.“

2. Eftirfarandi liður bætist við eftir 14. lið (ályktun ráðsins frá 8. júlí 1996 (96/C 224/05)) undir fyrirsögninni „GERÐIR SEM SAMNINGSAÐILAR SKULU TAKA MIÐ AF“:

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 146, 10.6.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 308, 24.11.2010, bls. 11.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 85, 24.3.2012, bls. 3.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 11, 15.1.2011, bls. 62.

„15. **32011 H 0024**: Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2011/24/ESB frá 11. janúar 2011 um vottun fyrirtækja á sviði varnartengdra vara skv. 9. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB um að einfalda skilmála og skilyrði vegna tilflutnings varnartengdra vara innan Bandalagsins (Stjtfð. ESB L 11, 15.1.2011, bls. 62).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2009/43/EB, 2010/80/ESB og 2012/10/ESB og tilmæla 2011/24/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 15. júní 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 14. júní 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.